

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 305/2019

frá 13. desember 2019

## um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2399 frá 12. desember 2017 um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar rétthæð ótryggðra skuldagerninga í réttindaröð við meðferð vegna ógjaldfærni <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við lið 19b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„breytt með:

- **32017 L 2399:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2399 frá 12. desember 2017 (Stjtið. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 96).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2017/2399, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2018 frá 9. febrúar 2018 <sup>(2)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 96.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stjtið ESB L 323, 12.12.2019, bls. 41, og EES-viðbætur nr. 98, 12.12.2019, bls. 38.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Gunnar Pálsson***

*formaður.*